



# Ferðaklúbburinn 4x4

## Reglur við skipulagningu ferða

### Stjórnun, umsjón og ábyrgð gagnvart klúbbum

- 1) Ferðanefnd, sem skipuð eru af af stjórn í deildum klúbbsins, hefur yfirumsjón með öllum ferðum sem farnar eru í nafni klúbbsins og úthlutar leyfum til slíkra ferða. Ef ferðanefnd hefur ekki verið skipuð gegnir stjórn klúbbsins hennar hlutverki.
- 2) Aðeins einn aðili er forsvarsmaður ferðar og ábyrgur fyrir uppgjöri hennar.
- 3) **Allar greiðslur vegna skráningagjalda skulu fara inn á reikning klúbbsins ekki er heimilt að taka við greiðslum á einka reikning.**
- 4) Áður en ferð er samþykkt skal leggja fram kostnaðaráætlun fyrir ferðina sem samþykkt er að viðkomandi stjórn.
- 5) Ferðir skulu að jafnaði standa undir sér fjárhagslega og vera innan kostnaðaráætlunar.
- 6) Fararstjóra er heimilt að fá til liðs við sig aðstoðarmen sem farþega í eigin bíl og að auki 2 aðstoðarmenn á einum bíl fyrir hverja 10 bíla sem skrá sig í ferðina.
- 7) Fararstjórum er heimilt að reikna kostnað vegna sameiginlegs matar og skálagistingu starfsmanna ferðarinnar inn í ferðakostnað og bera þá ekki sjálfir kostnað af nefndum liðum. Ekki er um aðrar greiðslur að ræða til fararstjóra.
- 8) Ekki er heimilt að veita áfengi í ferðum á vegum klúbbsins nema með sérstöku samþykki stjórnar.
- 9) Ferðir eru farnar á vegum klúbbsins en hver og einn ferðast á eigin ábyrgð og er fararstjórum skylt að kynna reglur um þátttöku í ferðum fyrir þátttakendum. Sjá ferðareglur þátttakenda.
- 10) Ferðir skulu vera opnar öllum félagsmönnum Ferðaklúbbsins 4x4.
- 11) Ferðir skulu auglýstar í miðlum Ferðaklúbbsins, þ.m.t á heimasíðuni
- 12) Fararstjóra ber að skila uppgjöri í lok ferðar á stöðluðu eyðublaði og skal það hafa borist stjórn klúbbsins í síðasta lagi 14 dögum frá ferðalokum.
- 13) Hagnaður af ferðum rennur til þeirrar deildar Ferðaklúbbsins 4x4, sem ákvað ferðina.
- 14) Ferðanefnd Ferðaklúbbsins hefur úrskurðavald í deilum sem upp kunna að koma vegna ferða. Ef ferðanefnd er ekki til staðar gegnir stjórn klúbbsins hennar hlutverki.
- 15) Ferðanefnd tekur ákvörðun um dekkja stærðir og setur útbúnaðarkröfur í hverri einstakri ferð fyrir sig. .
- 16) Ef alvarlegt slys verður í ferðum á vegum klúbbsins, skal upplýsa stjórn klúbbsins svo fljótt sem auðið er um stöðu mála og mun hún aðstoða eins

og þeim er unnt, þó er áréttað að allir fara í ferðir á vegum klúbbsins á eigin ábyrgð.

- 17) **Fararstjórar eru ábyrgir fyrir frágangi skála við brottför ásamt skráningu og tilkynningu um tjón og tjónsvald ef óhöpp verða.**
- 18) **Fararstjóra ber að sjá til þess að skálareglur séu virtar í ferðum á vegum klúbbsins.**
- 19) **Fararstjóra ber skylda til þess að sýna ýtrustu varúð í umgengni við náttúru landsins og gæta þess að valda ekki spjöllum á henni með utanvega akstri, eða leiðarvali sínu.**

### Skráning og greiðslur

- 20) Skráning hefst á auglýstum tíma og er heimilt að taka við skráningu í síma, á netfang og á vefsíðu klúbbsins.
- 21) Skráningarlisti þátttakenda í ferðum á vegum klúbbsins á að liggja fyrir fyrir brottför.
- 22) Ferðanefnd er heimilt að krefjast þess að staðfestingargjald verði greitt við skráningu. Staðfestingargjaldið er óendurkræft nema ferðin sé felld niður.
- 23) Sé staðfestingargjald ekki greitt innan fyrirfram ákveðins tíma telst skráningin ógild og telst þátttakandi hættur við þátttöku.
- 24) Verði hagnaður af ferðinni getur fararstjóri tekið ákvörðun um að endurgreiða staðfestingargjald til þeirra sem greiddu gjaldið en urðu að falla frá þátttöku í ferðinni.
- 25) **Óheimilt er að nýta ferðasjóðinn til áfengiskaupa nema með samþykki stjórnar.**

### Sérákvæði um nýliðaferðir.

Almennar ferðareglur gilda um nýliðaferðir, en sérákvæði þessi gilda þeim til viðbótar.

- A) Nýliðaferðir eru farnar snemma veturs.

Fararstjóra er heimilt að ráða sér aðstoðarmenn við ferðina. Fjöldi þeirra skal þó ekki vera fleiri en það að ekki færri en 5 bílar þátttakenda séu á mótum hverjum bíl starfsmanna.

- B) Nýliðar eiga forgang í nýliðaferðir og ræður þar félagsnúmer, hærra númer hefur forgang yfir lægra númer.
- C) Reyndir félagsmenn hafa ekki þátttökurétt í Nýliðaferðir nema ljóst sé að þátttaka nýliða fylli ekki ferðina
- D) Ákvörðun um fjölda Nýliðaferða tekur stjórn hverrar deildar Ferðaklúbbsins 4x4.

**Sérákvæði um stikuferðir, landgræðsluferðir og viðhaldsferðir í skála.**

A) Heimilt er að halda eina grillveislu í ferðinni á kostnað klúbbsins

**25.febrúar 2015**

**Stjórn Ferðaklúbbsins 4x4**